

Skýrsla skemmti- og fjáröflunarnefndar Sörla á aðalfundi 2018

Skemmtinefndin 2017 – 2018 var fámenn en góðmenn og að mestu skipuð fólki sem ekki hafði verið í nefndarstörfum áður. Það rann því mjög ferskt blóð um æðar hennar og allir hrikalega spenntir fyrir vetrinum á fyrsta fundi okkar síðasta haust. Þar var ákveðið að byrja veturinn með trompi og blása til jólareiðtúrs og glöggs í samvinnu við ferðanefndina. Það gleymdist þó að semja við veðurguðina sem voru ekki með okkur í liði þennan dag og fóru því aðeins þrír í reiðtúrinn en fleiri gæddu sér þó á ylmandi heitu jólaglöggi um kvöldið, líklega hefur þessum þrem þó þótt það best.

Fljótlega eftir gott glögg hófst undirbúningur fyrir þorablót sem var haldið í lok janúar. Undirbúningur gekk vel og við fengum góða hjálp frá fyrri skemmtinefndarmeðlimum. Þorablótið var haldið í veislusal FH í Kaplakrika og Halldór Gylfason var veislustjóri. Hið goðsagnakennda bögglauppboð var á sínum stað og kunnum við öllum sem gáfu okkur gjafir í böggla góðar þakkir. Trúbador tók svo við um kvöldið og myndaðist mjög skemmtileg stemning. Maturinn var frábær, vínið ekki verra og blótið heppnaðist í alla staði mjög vel. Ákveðið var að halda bjórkvöld í tengslum við Landsbankamót vetrarins. Fyrsta bjórkvöldið var því haldið um miðjan febrúar. Þar var kúrekaþema og við fengum danskennara til að koma og kenna okkur línudans. Það var mjög vel mætt þetta kvöld og mikið fjör fram á nótt. Þetta bjórkvöld stóð reyndar hinum framar þar sem ekki var jafn góð mæting á þau sem haldin voru í mars og apríl. Á skírdag var svo að sjálfsögðu skírdagskaffi á Sörlastöðum. Við fengum miklar kjarnakonur með mikla reynslu af brauðtertugerð til að hjálpa okkur við undirbúning sem var algjörlega ómetanlegt. Auk þess komu Sörlafélagar færandi hendi með veitingar á langborðin sem svignuðu undan þeim. Gott veður gerði það að verkum að fólk stoppaði heldur stutt inni í reiðhöll og því var sala á áfengi ekki eins góð og við hefðum vonað en allir voru í góðu skapi eins og venjan er þennan dag.

Í apríl fengum við liðsauka frá fyrri skemmtinefnd þegar Bjarney kom og hjálpaði okkur mikið með kvennareiðina þar sem konum úr nærliggjandi félögum var boðið til veislu á Sörlastöðum. Karlmenn nefndarinnar stóðu þá við grillið og tóku á móti svöngum konum.